

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um Dýrafjarðargöng og samgönguáætlun.

1. *Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til mikilvægis Dýrafjarðarganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar?*

Ráðherra er þeirrar skoðunar að Dýrafjarðargöng séu mikilvæg samgöngubót.

2. *Hefjast framkvæmdir við Dýrafjarðargöng árið 2016 að loknum Norðfjarðargöngum eins og fyrri ríkisstjórn samþykkti og lýkur þeim árið 2018 eins og fyrirhugað er í samgönguáætlun?*

Miðað við áætlanir mun framkvæmdum við Norðfjarðargöng ljúka árið 2017. Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar við afgreiðslu 12 ára samgönguáætlunar í júní 2012 var lagt til að framkvæmdum við Dýrafjarðargöng yrði flýtt þannig að þau færðust yfir á framkvæmdatímabilið 2015–2018 og verði þá lokið. Þetta var ein framkvæmd af mörgum sem ætlunin var að flýta með þeirri ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að beina viðbótarfé til samgöngumála á því árabili sem samgönguáætlun tekur til.

Fjárförf til verkefna á næstu samgönguáætlun, til fjögurra eða tólf ára, kemur í ljós þegar vinnu við þær lýkur, en vænta má niðurstöðu þeirrar vinnu á næstu vikum.

3. *Hvaða verkefni í núgildandi samgönguáætlun hafa ekki verið boðin út?*

Gengið er út frá að átt sé við samgönguáætlun 2011–2014. Á sviði Vegagerðarinnar á þetta við um Brú á Jökulsá á Fjöllum, Dettifossveg og Arnarnesveg auk smærri verkefna við tengivegi o.fl.

Öll útboðsskyld verk á sviði flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í núgildandi samgönguáætlun sem farið hefur verið í hafa þegar verið boðin út. Í tilfelli sérhæfðra verka hefur verið gerð verðkönnun meðal allra verktaka sem til greina hafa komið. Á sviði flugmála árið 2012 á þetta við um aðflugsljós við braut 13 á Reykjavíkurflugvelli.

Töluverður samdráttur varð á fé til flugmála árið 2013 auk þess sem hluta af fjármagni sem ætlað var í framangreind verkefni var varið í efnisvinnslu vegna klæðningar á flugbraut á Gjögri, en það verkefni var ekki á samgönguáætlun. Verkefni ársins 2013 sem ekki var farið í eru ljósa- og flugleiðsögubúnaður á Reykjavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli auk ljósabúnaðar á Vopnafjarðarflugvelli.

Framkvæmdir við hafnir og sjóvarnir eru almennt á áætlun, annaðhvort lokið eða standa yfir. Einstök verk hafa dregist vegna skipulags- og umhverfismála. Loks hafa nokkur verkefni reynst kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert en almennt hafa verkefnið staðist áætlun.